

Reykjavík, 27. ágúst 2013

### **Sáttargerð vegna brots á 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti**

Þann 3. júlí 2013 gerðu Fjármálaeftirlitið og Reginn hf. með sér sátt vegna brots félagsins á 126. og 127. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Reginn hf., sem útgefandi skráðra hlutabréfa, við því að hafa brotið gegn 126. og 127. gr. vvl., með því að hafa ekki tilkynnt samdægurs um víðskipti þriggja stjórnenda félagsins með hlutabréf útgefin af félaginu. Jafnframt að hafa brotið gegn 126. gr. vvl. með því að tilkynna Fjármálaeftirlitinu ekki samdægurs um víðskipti eins stjórnanda félagsins með hlutabréf í félaginu. Tilkynningarnar bárust daginn eftir lögmæltan tímafrest. Um var að ræða víðskipti í tengslum við almennt útboð félagsins.

Samkvæmt 126. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs um víðskipti fruminnherja til Fjármálaeftirlitsins.

Í 127. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefanda til að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um víðskipti stjórnenda með hluti í útgefandanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, enda nemi markaðsvirði víðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í útgefandanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr.

Með vísan til framangreinds, þess að víðskipti voru ekki hafin með bréfin á markaði, atvika málsins að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var málinu lokið með sátt að fjárhæð 250.000 krónur.